

Mál nr. 129/2019**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði við Suðurlandsbraut í Reykjavík til móts hús nr. 14 og 16
þann 25. mars 2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B voru í stöðureitum sitt hvoru megin við akleið eftir bifreiðastæðinu sem er samsíða Suðurlandsbraut. Svo háttar að einstefna er á akleiðinni til austurs og frá henni koma stöðureitir beggja megin skálhallt frá akleiðinni. Er A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem þær voru í rákust saman aftanverð hægri hlið A og hægri afturhorn B.

Í viðbótarupplýsingum á tjónstilkynningu kveður ökumaður A að A hafi verið kyrrstæð eftir að hann bakkaði úr stöðureit. Þá hafi B verið bakkað á hægri afturbretti A. Í málskoti segir að ökumaður A hafi verið búinn að bakka, hafi verið kyrrstæður til að setja í áframgír og leggja á til hægri til að aka áfram út götuna þegar B hafi verið bakkað með hægri afturhorn framarlega á hægri afturbretti A.

Í viðbótarupplýsingum á tjónstilkynningu kvað ökumaður B báða ökumenn hafa verið að bakka úr stöðureitum og „skellum saman á miðjum veginum.“

Álit.

Ökumenn virðast ekki hafa fyllt út sameiginlega tjónstilkynningu heldur hafi þeir fyllt út slíka tilkynningu hvor í sínu lagi og lýsa atvikum nánar, hvor á bakhlið sinnar tjónstilkynningar. Eins og málið liggur fyrir verður að leggja þær lýsingar til grundvallar þegar sök ökumanna er metin. Engum vitnum er til að dreifa um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Af lýsingum ökumanna á bakhliðum þeirra tjónstilkynninga sem þeir undirrituðu verður ekki ráðið með neinni vissu að önnur bifreiðin hafi verið kyrrstæð á akleiðinni í það langan tíma að hinn ökumaðurinn hafi átt að verða hennar var í tæka tíð áður en árekstur varð. Þá verður heldur ekki ráðið af skýrslum þeirra að ástæða sé til að leggja sönnunarbyrði um tildrög árekstursins á annan ökumanninn fremur en hinn. Að öllu virtu verður ekki séð að annar ökumaðurinn eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Af því leiðir að skipta verður sök að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.